

Mánudaginn 15. desember 1997.

Nr. 374/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Eggert Unnsteinssyni

(Sigurður Jónsson hrl.)

Kærumál. Viðurlagaákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með kæru ríkissaksóknara 10. nóvember 1995. Kærð var viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Vesturlands 3. sama mánaðar, þar sem máli ákærvaldsins gegn varnaraðila var með samþykki hans lokið með því, að varnaraðili skyldi greiða 30.000 króna sekt í ríkissjóð og sæta upptöku á átta netum í trossu auk þess að greiða allan sakarkostnað málsins. Með dómi Hæstaréttar 16. nóvember 1995, bls. 2756 í dómasafni, var hin kærða ákvörðun staðfest.

Með bréfi ríkissaksóknara 11. júlí 1997 barst Hæstarétti beiðni varnaraðila um endurupptöku málsins. Var beiðnin á því reist, að 19. september 1996 hefðu fallið dómar í þremur málum fyrir Hæstarétti, þar sem ákæruefni hefðu verið hliðstæð máli varnaraðila, sbr. dómasafn 1996, bls. 2518, 2525 og 2532. Niðurstaðan hafi þar orðið sú, að ákærðu voru allir sýknaðir. Af hálfu ríkissaksóknara var tekið undir beiðni varnaraðila um endurupptöku málsins, svo að unnt yrði að kæra nefnda viðurlagaákvörðun til Hæstaréttar til ónýtingar á henni, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Með ákvörðun Hæstaréttar, sem tilkynnt var málsaðilum 20. október 1997, var fallist á beiðni varnaraðila um endurupptöku málsins.

Héraðsdómur Vesturlands hefur nú sent Hæstarétti málið að nýju, og barst það réttinum ásamt kærumálgögnum 4. desember 1997. Er málið að nýju til kærumeðferðar. Krefst ákærvaldið þess, að hin kærða viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Vesturlands 3. nóvember 1995 verði felld úr gildi.

Varnaraðili gerir sömu kröfu og ákærvaldið auk þess að sér verði tildæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Af gögnum málsins verður ráðið, að atvik þess kunni að vera hliðstæð þeim málum, sem leidd voru til lykta með dómum Hæstaréttar 19. september 1996 og áður er getið. Þykja því vera skilyrði til að fallast á kröfu málsaðila um, að hin kærða viðurlagaákvörðun verði felld úr gildi, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur, en til kostnaðar af málskoti þessu verður að taka tillit við ákvörðun sakarkostnaðar, þegar málið kemur til efnisumfjöllunar að nýju fyrir héraðsdómi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.
